

Alþingi, Austurstræti 8-10
Nefndasvið
bt. Allsherjar- og menntamálanefnd
101 Reykjavík



Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 10. apríl 2018
Tilvísun: 2018040631PHH

Efni: Umsögn Persónuverndar um frumvarp til laga um lögheimili og aðsetur, 345. mál

Persónuvernd vísar til erindis nefndasviðs Alþingis, dags. 27. mars 2018', þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um lögheimili og aðsetur (345. mál á 148. löggjafarþingi, þskj. 459).

Þau ákvæði frumvarpsins, sem einkum varða persónuvernd og vernd persónuupplýsinga, eru 7. gr., 11. gr., 15. gr. og e-liður 18. gr. Eins og á stendur telur Persónuvernd ekki tilefni til efnislegra athugasemda við þessi ákvæði. Stofnunin telur hins vegar rétt að láta þess getið að hún telur 7. gr. frumvarpsins, þess efnis að unnt sé að sækja um leynd um heimilisfang sitt í þjóðskrá í ár í senn, fela í sér réttarbót, enda geta brýnir hagsmunir verið af slíku, einkum þegar um ræðir einstakling sem býr við ógn um ofbeldi eða verður fyrir því að friði hans sé verulega raskað.

Ekki eru gerðar athugasemdir við frumvarpið að öðru leyti. Persónuvernd lýsir sig þó reiðubúna til þess að veita umsögn að nýju, komi til þess að gerðar verði breytingar á frumvarpinu á síðari stigum.

F.h. Persónuverndar,


Þórunn Sveinsson


Páll Heiðar Halldórsson